

Ný persónuverndarlöggjöf

Samband íslenskra sveitarfélaga fylgist grannt með vinnu varðandi ný persónuverndarlög sem stefnt er að því að taki gildi á árinu 2018. Fyrir liggur að ný lög munu leggja ríkari kröfur á sveitarfélög að því er varðar m.a. hvaða upplýsingar eru geymdar, hvernig er unnið úr þeim og á hvaða formi þær eru geymdar.

Sambandið vinnur nú að gerð minnisblaðs sem sent verður til allra sveitarfélaga til að kynna helstu breytingar og auðvelda undirbúning á innleiðingu nýrrar löggjafar. Sú vinna er þó þeim takmörkunum háð að ekki er búið að innleiða reglugerðina inn í EES samninginn og ekki liggja fyrir drög að frumvarpi til nýrra laga. Þetta skiptir heilmiklu máli þar sem 55 af 99 ákvæðum reglugerðarinnar gefa ríkjum val um það hvernig ákvæðin eru innleidd, og einkum hversu strangar kröfur eru gerðar.

Sambandið hefur verið í sambandi við bæði dómsmálaráðuneytið og Persónuvernd og er m.a. verið að skoða möguleika á að halda málþing haustið 2017 sem verður sérsniðið að þörfum sveitarfélaga við innleiðingu á nýrri löggjöf. Nánari dagsetning verður ákveðin þegar fyrir liggur hvenær drög að löggjöf verða kynnt.

Sambandið bendir á að heilmiklar upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is, en þar er m.a. að finna óformlega þýðingu á reglugerðinni.

Fyrstu skref við undirbúning af hálfu sveitarfélaga teljum við vera þessi:

- a) að sveitarfélög hefji sem fyrst skoðun á því hvaða persónuupplýsingum er verið að safna og hvort varsla og vinnsla þeirra sé hið minnsta í samræmi við núgildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000,
- b) huga að skipun persónuverndarfulltrúa. Mörg fyrirtæki og allar opinberar stofnanir verða að útnefna sérstakan persónuverndarfulltrúa. Hlutverk hans er að vera sérfræðingur viðkomandi aðila í persónuvernd og tengiliður milli stjórnenda, hinna skráðu og Persónuverndar. Persónuverndarfulltrúinn getur verið starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis eða utanaðkomandi sérfræðingur. Þar sem starfsmenn eru færri en 250 eru þó vægari kröfur gerðar til skráarhalds persónuupplýsinga.

Ef frekari spurningar vakna er bent á Telmu Halldórsdóttur, lögfræðing hjá sambandinu: telma.halldorsdottir@samband.is, s. 515-4916

F.h. sambandsins
Guðjón Bragason og
Telma Halldórsdóttir